

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 54/2012****2012/EES/43/21****frá 30. mars 2012****um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2011 frá 2. desember 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins 2006/952/EB frá 20. desember 2006 um verndun ólögráða barna og mannlegrar reisnar og um rétt til andsvara með tilliti til samkeppnishæfni evrópskrar hljóð- og myndmiðlunar og beintengdrar upplýsingaveitu ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 34. lið (tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins 2005/865/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„35. **32006 H 0952**: Tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins 2006/952/EB frá 20. desember 2006 um verndun ólögráða barna og mannlegrar reisnar og um rétt til andsvara með tilliti til samkeppnishæfni evrópskrar hljóð- og myndmiðlunar og beintengdrar upplýsingaveitu (Stjtið. ESB L 378, 27.12.2006, bls. 72).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilmæla 2006/952/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. mars 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 22, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 27.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 378, 27.12.2006, bls. 72.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.